

Fundargerð 962. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, miðvikudaginn 22. janúar kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Nanný Arna Guðmundsdóttir boðaði forföll en ekki náðist að boða varafulltrúa í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Petta var tekið fyrir:

1. Staða kjaramála - 2406015SA

Ástráður Haraldsson, ríkissáttasemjari kom inn á fundinn undir þessum lið. Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaraviðræðna. Ríkissáttasemjari fór jafnframt yfir stöðuna frá sjónarhorni sáttasemjara.

Heiða Björg Hilmisdóttir, Hildur Björnsdóttir, Einar Þorsteinsson og Margrét Sanders viku af fundi kl. 09:00. Jón Björn Hákonarson, varaformaður stjórnar, tók við stjórn fundarins í fjarveru formanns.

2. Málshöfðun vegna frestun verkfalla - 2501024SA

Lögð fram tillaga að bókun sem lögfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur til að lögð verði fram við fyrirtöku í héraðsdómsmáli nr. E-151/2025 þann 23. janúar nk.

Stjórn samþykktir tillöguna samhljóða.

Fundi var slitið kl. 09:15